

Námsáætlun fyrir samfélagsgreinar - 1. bekkur
skólaárið 2022-2023



Kennarar: Karen Ingimundardóttir

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
REYNSLUHEIMUR Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann	<ul style="list-style-type: none">• Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi• Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna• Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni• Bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins• Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu• Varast hættur á heimili sínu og nágrenninu• Þekkt helstu umferðarreglur og umferðarmerki	<ul style="list-style-type: none">• Umræðutímar og verkefnavinna þar sem rætt er um samfélagið og málefni líðandi stundar• Farnar verða vettvangsferðir í nánasta umhverfi• Umferðarmerki skoðuð	

<p>HUGARHEIMUR Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum • Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti 	<ul style="list-style-type: none"> • Umræðutímar 	
<p>FÉLAGSHEIMUR Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi • Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum • Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra • Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna. • Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi 	<ul style="list-style-type: none"> • Umræður • Verkefnavinna 	
<p>Námsefni: Komdu og skoðaðu umhverfið Komdu og skoðaðu líkamann Húsdýrin - flettibók Tísla Myndir Myndbönd Verkefnablöð Vettvangsferðir</p>			
<p>Lokanámsmat: Nemendur fá munnlega endurgjöf frá kennara.</p>			

